

**Til:** Sveitarstjórnar Dalabyggðar

**Frá:** Stjórn Bakkahvamms hses.

Búðardal, 07.12.2021

**Efni:** Samkomulag um vilyrði fyrir úthlutun stofnframlags sveitarfélagsins fram í tímann.

---

Húsnaðissjálfsseignarstofnunin Bakkahvammur á í dag og rekur þrjár almennar íbúðir að Bakkahvammi 8a-c í Búðardal. Frá afhendingu íbúðanna hafa þær ávallt verið í útleigu sem sýnir vel mikilvægi þess að þær skuli hafa verið byggðar.


Að mati stjórnar Bakkahvamms hses. er þörf á fleiri íbúðum í sveitarfélaginu. Því hefur stofnunin sótt um stofnframlag til byggingar á þremur 3 herbergja íbúðum sem áætlað er að reisa 2022.

Eftir að stofnunin skilaði inn umsókn um stofnframlag í nóvember sl. barst erindi frá Húsnaðis- og mannvirkjastofnun (HMS) þar sem upplýst var um að þeir sem áður hafa fengið úthlutað stofnframlagi frá ríki og sveitarfélagi geti gert samkomulag við HMS um vilyrði fyrir úthlutun stofnframlags ríkisins fram í tímann til allt að þriggja ára í senn.

Á fundi stjórnar Bakkahvamms hses. þann 1. desember sl. var samþykkt að leita vilyrðis hjá sveitarfélaginu Dalabyggð fyrir úthlutun stofnframlags sveitarfélagsins fram í tímann þar sem miðað er við álíka íbúðir og reiknað var með í umsókn um stofnframlag sem send var inn í nóvember og að framkvæmdir taki þá til 2022, 2023 og 2024.

HMS hefur óskað eftir því að fá upplýsingar um þá stofnframlagshafa sem sækjast eftir því að gera samkomulag um stofnframlag ríkisins fram í tímann eigi síðar en 13. desember 2021. Því er óskað eftir að Dalabyggð gefi svar eins fljótt og auðið er, hvort sveitarfélagið sé tilbúið til að gera samkomulag við Bakkahvamm hses. um frekari uppbyggingu á næstu þremur árum með vilyrði fyrir stofnframlagi til verkefna.

Virðingafyllst,



F.h. Bakkahvamms hses.

Einar Jón Geirsson, formaður